

Alþingi
Erindi nr. P 140/1108
komudagur 21.2.2012

Nefndarsvið Alþingis

21.feb. 2012

Umsögn frá sveitarstjórn Djúpavogshrepps við tillögu að þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011 – 2022.

Hér er þess farið á leit við alþingi að ákveðnir þættir í samgönguáætlun 2011 – 2022 verði teknir til gagnerrar endurskoðunar er lúta að framkvæmdum við Axarveg sem er forgangsverkefni í vegagerð á Austurlandi eins og sjá má stað í samþykktum SSA. Sveitarstjórn Djúpavogshrepps gerir því þá skýlausu kröfu til þingsins og samgönguyfirvalda að mun meira tillit sé tekið til sameiginlegra áherslna sveitarfélaga á Austurlandi s.b.r. 45. Aðalfund SSA Hallormsstað 30.sept og 1.okt. 2011. sjá tilvitn í samþykkt SSA 2011.

„Nauðsynlegt er að fjárfesta í vegagerð með sérstakri áherslu á vegi sem tengja jaðarsvæði við miðsvæði auk þess að stytta flutningsleiðir. Í forgangi er tenging syðsta hluta svæðisins við Fljótsdalshérað með uppbyggingu vegar um Öxi. Vakin er athygli á að fyrir liggur hönnun þeirrar framkvæmdar í heild sinni af hálfu Vegagerðarinnar.“

Það má hverjum ljóst vera að við lestur fyrirbyggjandi samgönguáætlunar þá eru áherslur samtaka sveitarfélaga á Austurlandi í veigamiklum atriðum sópað undir teppi og þá sérstaklega þegar kemur að því að efna fyrirheit um bættar samgöngur á suðurhluta austfjarða um Öxi. Ljóst er líka að miðað við það fjármagn sem stýrt hefur verið inn í norðausturkjördæmi á síðustu árum þá hefur hallað gríðarlega á suðurhluta austfjarða þegar kemur að stærri framkvæmdum í samgöngumálum og er þó þörfin sannarlega fyrir hendi sbr. bættar samgöngur um Öxi sem ætti tvímælalaust að vera eitt brýnasta verkefni samgönguyfirvalda í dag í ljósi gríðarlegrar vegstyttingar með tilheyrandi sparnaði fyrir vegfarendur og þjófbarbúið í heild. Í fyrirbyggjandi samgönguáætlun 2011 – 2022 er því hlutur suðurhluta austfjarða fullkomlega fráleitur ekki síst að teknu tilliti til þess að nú virðist ráðamenn ætla að taka aðrar framkvæmdir á norðaustursvæðinu langt fram fyrir Axarveg og má þar nefna brú yfir Jökulssá, Dettifossveg, svokallaðan suðurfjarðarveg og fl. Má nefna að nýframkvæmd á svokölluðum suðurfjarðarvegi á miðausturlandi hefur til þessa dags verið langt aftan við Axarveg í forgangs röðun inn á vettvangi SSA enda hefur miðsvæði Austurlands fengið margar og stórar framkvæmdir á síðustu árum á kostnað jaðarsvæðanna bæði í aðdragenda og kjölfar stóriðjuframkvæmda. Nú virðist hinsvegar eiga að setja nýframkvæmd um suðurfjarðaveg upp að hlið Axarvegar í tíma og þar að auki með margfalt fjármagn.

Þessi meðferð á framtíðarvegstæðinu um Öxi inn í samgönguáætlun er því hér með
harðlega mótmælt og því farið á leit við samgönguyfirvöld og alþingi að færa framkvæmdina
mun framar á áætlun og alls ekki síðar en á annað tímabil.

Virðingarfyllt

F.h. sveitarstjórnar Djúpavogshrepps

Andrés Skúlason oddviti